# Árshlutareikningur 30. september 2017

Kynning fyrir fjárfesta

14. nóvember 2017

Arion banki



# Helstu atburðir á fyrri árshelmingi 2017

1. Vöxtur í grunntekjum
2. Fyrstu skrefin í sölu Arion banka, stærstu einstöku hlutabréfakaup erlendra aðila í sögu Íslands
3. Afnám gjaldeyrishafta
4. Skuldabréf við Kaupþing greitt upp að fullu. Arion banki er nú að fullu fjármagnaður á markaði
5. Virðismat lána og niðurfærslur annarra eigna vegna United Silicon hafa neikvæð áhrif á afkomu

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Helstu atburðir fyrstu níu mánuði ársins 2017

Breyting á eignarhaldi bankans mikil tímamót

## Einskiptis niðurfærslur hafa áhrif á afkomu

- Góð afkoma af rekstri og stöðugleiki í vaxta- og þóknanatekjum
- Einskiptis niðurfærsla lána og neikvæð áhrif fjárfestinga í United Silicon hafa umtalsverð áhrif
- Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi aukast vegna innkomu Varðar í samstæðuna
- Rekstrarkostnaður lækkar vegna bakfærslu á áður bókfærðri skuld við Tryggingasjóð innstæðu-eigenda og fjárfesta
- Stöðugildum móðurfélagsins, Arion banka, fækkar um 27 frá áramótum, m.a. vegna úthýsingar upplýsingatækniverkefna til Nýherja

## Nýtt fólk í nýjum hlutverkum

- Lýður Þór Þorgeirsson ráðinn framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs og Iða Brá Benediktsdóttir ráðin framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs
- Eva Cederbalk tók við sem stjórnarformaður Arion banka

## Söluferli Arion banka

- Í mars var tæplega 30% hlutur í Arion banka seldur til erlendra fjárfestingarsjóða. Seljandi var Kaupþing, í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil
- Um er að ræða stærstu erlendu fjárfestingu í hlutabréfum hér á landi fyrr og síðar
- Frekari ákvarðanir varðandi söluferli bankans verða ekki teknar fyrr en á nýju ári vegna nýafstaðinna Alþingiskosninga

# Helstu atburðir fyrstu níu mánuði ársins 2017

Saman látum við góða hluti gerast

## Hagstæð kjör á erlendum lánsfjármörkuðum

- Skuldabréfaútgáfa í evrum á bestu kjörum til þessa, 88 punktum yfir millibankavöxtum
- Arion banki greiddi á fyrri hluta ársins upp eftirstöðvar skuldabréfs Kaupþings sem upphaflega nam um 97 milljörðum króna
- Á Íslandi hefur sala á víxlum og sértryggðum skuldabréfum gengið vel á tímabilinu og er áfram mikilvægur hluti af fjármögnun bankans
- Þann 25. október hækkaði S&P hækkað langtíma lánshæfismat Arion banka úr BBB í BBB+ með stöðugum horfum

## Þátttaka í góðum verkum

- Arion banki fjármagnar HS Orku og Brúarvirkjun
- Klappir grænar lausnir hf. skráð á First North markað kauphallarinnar, Arion banki var ráðgjafi í ferlinu

## Banki ársins að mati Euromoney

- Arion banki var valinn banki ársins á Íslandi af tímaritinu Euromoney
- Fjármálatímaritið Global Finance útnefndi Arion banka besta fjárfestingarbankann á Íslandi

# Helstu atburðir fyrstu níu mánuði ársins 2017

Arion banki – fyrir framtíðina

## Fremsti stafræni bankinn

- Arion appið er besta bankaappið á Íslandi samkvæmt könnun MMR
- Mínar síður lífeyrissjóða opnaðar í netbankanum þar sem m.a. er hægt að sækja yfirlit, breyta samningum, sækja um útgreiðslur og fleira
- Áframhaldandi ánægja með stafrænar lausnir Arion banka og notkun heldur áfram að aukast
- Í appinu er með einföldum hætti hægt að frysta greiðslukort – og opna þau aftur
- Á árinu 2017 hefur Arion banki sett 10 nýjar stafrænar lausnir í loftið



## Þægilegri bankaþjónusta

- Endurnýjað útibú opnað í Kringlunni með afgreiðslutíma eins og önnur þjónusta í verslunarmiðstöðinni, þ.m.t. á sunnudögum
- Samningur við Vörð um sölu trygginga til viðskiptavina Arion banka



Arion banki
– fyrir framtíðina

# Efnahagsumhverfið



# Kröftugur hagvöxtur en hægt hefur á

## Slaknað hefur á spennunni í þjóðarbúskapnum

- Hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi mældist 3,4%. Þrátt fyrir hægari vöxt en undanfarna fjórðunga er ennþá mikill kraftur í hagkerfinu, einkum og sér í lagi innlendri eftirspurn
- Einkaneyslan er og verður ein helsta driffjöður hagvaxtarins en útflutningur leggur einnig hönd á plóg
- Hægari vöxtur í ferðaþjónustu og vaxandi vöruskiptahalli hefur dregið úr viðskipta-afgangi. Greiningaraðilar spá engu að síður áframhaldandi afgangi af viðskiptum við útlönd næstu ár















* Fyrirtæki eru án fjármálafyrirtækja og eignarhaldsfélaga.
Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Arion banki – fyrir framtíðina

# Dyntótt króna: Sumarstyrkingin sem breyttist í sumarveikingu

## Í kjölfar haftalosunar í mars hefur gengisflökt aukist til muna

- Í mars voru fjármagnshöft á einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði afnumin. Í kjölfarið hefur gengisflökt krónunnar aukist umtalsvert og ekki lengur á vísan að róa að krónan styrkist jafnvel þótt sífellt fleiri ferðamenn sæki landið heim
- Seðlabankinn hefur smám saman dregið úr umsvifum sínum á gjaldeyrismarkaði og grípur nú að eigin sögn aðeins inn í til að stöðva spíralamyndun
- Þrátt fyrir að nokkuð hafi hægt á vexti ferðaþjónustunnar er hún hvergi nærri af baki dottin. Greiningaraðilar gera ráð fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna, en að hægja taki á vextinum

Gengi krónunnar og gjaldeyriskaup SÍ

- milljónir evra




Tekjur af erlendum ferðamönnum

- ársbreyting




Fjöldi erlendra gesta um KEF

- árstölur og aukning, milljónir




* Spá Greiningardeildar Arion banka

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka



Arion banki – fyrir framtíðina

# Dregur úr verðbólguþrýstingi og vextir lækka

## Seðlabankinn hefur lækkað vexti um samtals 150 punkta á rúmu ári

- Húsnæðisverð keyrir áfram verðbólguna um þessar mundir á meðan innfluttar vörur vega á móti. Að húsnæðisverði undanskildu mælist talsverð verðhjöðnun sem bendir til að undirliggjandi innlendur verðbólguþrýstingur sé lítill
- Ýmislegt bendir til þess að íbúðaverðshækkanir á höfuðborgarsvæðinu hafi náð hámarki, amk. í bili, og útlit fyrir hægari hækkun íbúðaverðs á komandi misserum
- Til að bregðast við batnandi verðbólguhorfum, sem að undanförnu hefur mátt rekja til gengisstyrkingar, og aukinni kjölfestu verðbólguvæntinga hefur Seðlabankinn lækkað vexti sína umtalsvert. Meginvextir bankans, vextir á 7 daga bundnum innlánum, standa nú í 4,25%










Heimildir: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Arion banki – fyrir framtíðina

# Lykiltölur 9M 2017

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hagnaður 10.353 m.kr.<br>9M 2016: 17.262 m.kr. | Eiginfjár-þáttur 1 26,6%<br>31.12.2016: 26,5% | Kostnaðar-hlutfall 55,3%<br>9M 2016: 56,3% | Vandræðalán 1,4%<br>31.12.2016: 1,6% |
| Arðsemi eigin fjár 6,3%<br>9M 2016: 11,2% | Vogunar-hlutfall 16,7%<br>31.12.2016: 18,0% | Stöðugildi 1.293<br>31.12.2016: 1.239 | Íbúðalán/ Heildar útlán 40,0%<br>31.12.2016: 39,2% |

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Rekstrarreikningur



# Rekstrarreikningur

Fjárhæðir í milljónum króna

## Einskiptis virðisbreytingar og niðurfærslur vegna United Silicon hafa neikvæð áhrif

- United Silicon (USi) hefur veruleg áhrif á nokkra liði rekstrarreikningsins, sjá frekari umfjöllun á glæru 14
- Hækkun á hreinum vaxtatekjum vegna aukningar á vaxtaberandi eignum
- Hreinar þóknanatekjur aukast einkum vegna aukinna umsvifa á 3F og nýrra dóttur-félaga í Valitor
- Yfirtakan á Verði og góður árangur félagsins eykur tekjur af tryggingastarfsemi verulega
- Laun og launatengd gjöld stöðug þrátt fyrir að Vörður og ný dótturfélög Valitor hafi bæst við samstæðuna
- Annar rekstrarkostnaður lækkar vegna bakfærslu á skuld við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta

| | 9 mán. '17 | 9 mán. '16 | Breyting | Breyt. % |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 22.570 | 22.057 | 513 | 2% |
| Hreinar þóknanatekjur | 10.703 | 10.214 | 489 | 5% |
| Hreinar fjármunatekjur | 2.471 | 4.339 | (1.868) | (43%) |
| Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi | 1.769 | 663 | 1.106 | 167% |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | (917) | 710 | (1.627) | - |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.088 | 1.665 | 423 | 25% |
| **Rekstrartekjur** | **38.684** | **39.648** | **(964)** | **(2%)** |
| Laun og launatengd gjöld | (12.624) | (12.252) | (372) | 3% |
| Annar rekstrarkostnaður | (8.756) | (10.079) | 1.323 | (13%) |
| Bankaskattur | (2.388) | (2.190) | (198) | 9% |
| Hrein virðisbreyting | (1.262) | 6.827 | (8.089) | - |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **13.654** | **21.954** | **(8.300)** | **(38%)** |
| Tekjuskattur | (3.917) | (5.261) | 1.344 | (26%) |
| Afkoma af eignum til sölu eftir skatta | 616 | 569 | 47 | 8% |
| **Hagnaður tímabilsins** | **10.353** | **17.262** | **(6.909)** | **(40%)** |



Arion banki – fyrir framtíðina

# Rekstrarreikningur

Fjárhæðir í milljónum króna

## Uppgjör fjórðungsins litast af niðurfærslum tengdum United Silicon

- Hreinar vaxtatekjur lækka lítillega milli ára
- Hreinar þóknanatekjur hækka frá 3F 2016
- Hreinar fjármunatekjur neikvæðar vegna niðurfærslu á skuldabréfum tengdum United Silicon og óhagstæðrar þróunar á hlutabréfamarkaði
- Hreinar tekjur af trygginga-starfsemi aukast vegna yfirtökunnar á Verði
- Laun og launatengd gjöld stöðug þrátt fyrir að samstæðan hafi stækkað
- Annar rekstrarkostnaður hækkar vegna útvistunar upplýsingatækni og aðkeyptrar sérfræðiþjónustu
- Niðurfærsla útlána vegna United Silicon 3.0 ma.kr. á 3F

| | 3F 2017 | 3F 2016 | Breyting | Breyt. % |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 7.250 | 7.431 | (181) | (2%) |
| Hreinar þóknanatekjur | 3.865 | 3.467 | 398 | 11% |
| Hreinar fjármunatekjur | (734) | 844 | (1.578) | (187%) |
| Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi | 716 | 272 | 444 | 164% |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | 17 | 16 | 1 | 6% |
| Aðrar rekstrartekjur | 238 | 435 | (197) | (45%) |
| **Rekstrartekjur** | **11.352** | **12.465** | **(1.113)** | **(9%)** |
| Laun og launatengd gjöld | (3.841) | (3.825) | (16) | 0% |
| Annar rekstrarkostnaður | (3.699) | (3.349) | (350) | 10% |
| Bankaskattur | (814) | (705) | (109) | 15% |
| Hrein virðisbreyting | (2.551) | 5.883 | (8.434) | (143%) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **447** | **10.469** | **(10.022)** | **(96%)** |
| Tekjuskattur | (756) | (3.170) | 2.414 | (76%) |
| Afkoma af eignum til sölu eftir skatta | 196 | 206 | (10) | (5%) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **(113)** | **7.505** | **(7.618)** | **(102%)** |



Arion banki – fyrir framtíðina

# Rekstrarreikningur

Fjárhæðir í milljónum króna

## Áhrif virðismats á eignum tengdum United Silicon á fyrstu 9 mánuðina og á þriðja ársfjórðung

- Arion banki hefur fært niður að fullu hlutafé að fjárhæð 1.164 m.kr. í USi og skuldabréf að fjárhæð 708 m. kr. sem einnig er tengt félaginu. Hrein virðisbreyting á útlánum og kröfum á USi nam 2.962 m.kr. á þriðja ársfjórðungi
- Þörf er á frekari fjár-festingum í verksmiðjunni til að mæta kröfum um öryggi og umhverfissjónarmið
- Eftirstandandi skuldbind-ingar bankans vegna USi í lok tímabilsins námu 5,4 ma.kr, eða 0,5% af efnahag bankans þ.m.t. lánsloforð og tryggingar

| | 9 mán. '17 | Áhrif United Silicon | 9 mán'17 án Usi | 3F 17 | Áhrif United Silicon | 3F 17 án Usi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 22.570 | - | 22.570 | 7.250 | - | 7.250 |
| Hreinar þóknanatekjur | 10.703 | - | 10.703 | 3.865 | - | 3.865 |
| Hreinar fjármunatekjur | 2.471 | (965) | 3.436 | (734) | (708) | (26) |
| Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi | 1.769 | - | 1.769 | 716 | - | 716 |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | (917) | (907) | (10) | 17 | 0 | 17 |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.088 | - | 2.088 | 238 | - | 238 |
| **Rekstrartekjur** | **38.684** | **(1.872)** | **40.556** | **11.352** | **0** | **12.060** |
| Laun og launatengd gjöld | (12.624) | - | (12.624) | (3.841) | - | (3.841) |
| Annar rekstrarkostnaður | (8.756) | - | (8.756) | (3.699) | - | (3.699) |
| Bankaskattur | (2.388) | - | (2.388) | (814) | - | (814) |
| Hrein virðisbreyting | (1.262) | (2.962) | 1.700 | (2.551) | (2.962) | 411 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **13.654** | **(4.834)** | **18.488** | **447** | **(3.670)** | **4.117** |
| Tekjuskattur | (3.917) | 954 | (4.871) | (756) | 954 | (1.710) |
| Afkoma af eignum til sölu eftir skatta | 616 | - | 616 | 196 | - | 196 |
| **Hagnaður tímabilsins** | **10.353** | **(3.880)** | **14.233** | **(113)** | **(2.716)** | **2.603** |
| | | | | | | |
| Kostnaðarhlutfall | 55,3% | | 52,7% | 66,4% | | 62,5% |



Arion banki – fyrir framtíðina

# Hreinar vaxtatekjur

**Fjárhæðir í milljörðum króna**

## Sterkari lausafjárstaða hefur áhrif á vaxtamun

- Hreinar vaxtatekjur lækka í samanburði við fyrri ársfjórðung og sama tímabil í fyrra
  - Hækkunar á vaxtaberandi eignum um 93 ma.kr. frá árslokum 2016 eða 10% einkum skammtíma eignir
  - Lág verðbólga hefur áhrif á hreinar vaxtatekjur bankans, þar sem hann hefur um 124 ma.kr. í verðtryggingarójöfnuð í lok tímabilsins
- Vaxtamunur lækkar vegna:
  - Verðbólgu sem hefur verið undir markmiði Seðlabankans í nokkurn tíma
  - Hærri lausafjárstaðu vegna fyrirfram fjármögnunar á afborgunum skuldabréfa













Arion banki – fyrir framtíðina

# Hreinar þóknanatekjur

Fjárhæðir í milljörðum króna

Þóknanatekjur aukast milli ára, einkum af greiðslukortum og -lausnum

- Hreinar þóknanatekjur af greiðslukortum og -lausnum jukust um 23% frá fyrri ársfjórðungi
- Kaupin á Chip & Pin og IPS hafa nú þegar áhrif á hreinar þóknanatekjur af greiðslukortum og munu styrkja stöðu Valitor enn frekar
- Staða eignastýringar er sterk og þóknanagrunnur stöðugur
- Markaðsviðskipti ganga vel, þar sem bankinn er nr. 1 í miðlun hlutabréfa og nr. 3 í miðlun skuldabréfa á Íslandi. Tekjur af fyrirtækjaráðgjöf eru sveiflukenndar en áhersla hefur verið á innri- og langtíma verkefni
- Meðal annarra þóknanatekna eru þóknanir af viðskiptabankasviði sem hafa verið að aukast. Nýja útibúið á Keflavíkurflugvelli hefur jákvæð áhrif






Arion banki – fyrir framtíðina

# Hreinar fjármunatekjur



## Sveiflur eru verulegar, þrátt fyrir sölu bankans á skráðum hlutabréfastöðum

- Stjórnarslitin um miðjan september höfðu neikvæð áhrif á íslenska verðbréfa-markaðinn
- Hlutabréfavísitalan OMXI8 lækkaði um 6,3% á 3F og hefur lækkað um 3,4% á fyrstu níu mánuðunum
- Niðurfærsla á skuldabréfi tengdu United Silicon nam 708 milljónum
- Hagnaður af afleiðum er einkum vegna jákvæðra gangvirðisbreytinga af þeim afleiðum fjárstýringar sem ekki eru nýttar í áhættuvarnar-reikningsskilum
- Aukning á óskráðum hlutabréfum er vegna hlutdeildarskírteina í lausa-fjársjóðum sem eru hluti af lausafjárstýringu bankans

Hreinar fjármunatekjur




Skuldabréfaeign




Hlutabréfaeign




Arion banki – fyrir framtíðina

# Aðrar tekjur

Fjárhæðir í milljörðum króna

Tryggingar eru orðnar hluti af vöruframboði bankans

- Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi hækka m.v. sama tímabil í fyrra vegna yfirtökunnar á Verði frá og með 4F 2016
- Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi munu aukast þar sem tryggingar verða mikilvægur hluti af vöruframboði viðskiptabanka-sviðs
- Virðisbreytingar á fjár-festingareignum höfðu veruleg áhrif á öðrum ársfjórðungi






# Rekstrarkostnaður

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Einskiptis liðir, einkum á öðrum ársfjórðungi, hafa veruleg jákvæð áhrif á kostnaðarhlutfallið

- Fækkun starfsmanna í móðurfélaginu m.v. sama tímabil í fyrra er aðallega vegna stafrænna lausna og úthýsingar á rekstri upplýsingatæknikerfa
- Stöðugildum hjá samstæðunni fjölgar um 104 frá fyrra ári m.a. vegna innkomu Varðar í lok árs 2016 og nýrra dótturfélaga Valitor á 3F 2017
- Laun eru fremur stöðug í samanburði við 3F 2016 þrátt fyrir almennar launahækkanir
- Breytingar á öðrum rekstrarkostnaði frá 3F 2016 eru einkum vegna Varðar, úthýsingar á UT og aðkeyptrar sérfræðiþjónustu
- Hækkun á öðrum rekstrarkostnaði frá 2F vegna bakfærslu að fjárhæð 2,7 ma.kr. vegna bakfærðrar skuldar við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta á 2F







* Kostnaðarhlutfall (Laun og launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjum)




Arion banki – fyrir framtíðina

# Skattlagning

Fjárhæðir í milljónum króna

## Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki hafa mikil áhrif á arðsemi

- Í byrjun nóvember birtu skattyfirvöld álagningu opinbera gjalda á lögaðila vegna rekstrar á árinu 2016
- Arion banki (móðurfélagið) er það fyrirtæki sem greiðir hæst opinber gjöld vegna rekstrar ársins 2016, 10,5 ma. kr.
- Af heildar opinberum gjöldum eru 4,9 ma.kr. skattar sem eingöngu eru lagðir á fjármálafyrirtæki
- Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki eru:
  - Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki sem er 0,376% af skuldum yfir 50 mal.kr.
  - Sérstakur fjársýsluskattur sem er 6% viðbótar tekjuskattur á skattstofn umfram 1,0 ma.kr.
  - Fjársýsluskattur sem er 5,5% af launum og mótframlagi í lífeyrissjóð

**Áhrif sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki og sérstaks fjársýsluskatts á arðsemi**

| | Með | | Án |
|---|---|---|---|
| **2016** | 10.5% | ➡ | 12.6% |
| **9M 2017** | 6.3% | ➡ | 8.4% |



# Efnahagsreikningur



# Efnahagsreikningur – eignir

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Kröftugur útlánavöxtur – sterk lausafjárstaða

- Efnahagsreikningur bankans stækkaði um 10,5% á fyrstu níu mánuðum ársins, einkum vegna fyrirfram fjármögnunar á næstu gjalddögum langtíma fjármögnunar
- Sterkur vöxtur í útlánum til viðskiptavina á fjórðungnum
- Lífeyrissjóðir halda áfram að veita lán til íbúðakaupa til sjóðsfélaga í samkeppni við bankana, sem takmarkar vöxt í íbúðalánum
- Sterk lausafjárstaða vegna fyrirfram fjármögnunar næstu gjalddaga langtíma fjármögnunar

**30.09.2017: 1.145 ma.kr.**

**31.12.2016: 1.036 ma.kr.**

Aðrar- og óefnislegar eignir: 4%

347 ma.kr., þar af
**234 ma.kr. lausafjáreignir**
(52% af innlánum viðskiptavina)

**Lán til viðskiptavina**
66% af heildar eignum

5,4% aukning frá árslokum 2016




1. Aðrar eignir eru fjárfestingareignir, eignarhlutir í hlutdeildarfélögum, skatteign og aðrar eignir

Arion banki – fyrir framtíðina

# Lán til viðskiptavina



## Gott jafnvægi milli lána til einstaklinga og fyrirtækja

- Lán til viðskiptavina hafa aukist um 5,4% frá áramótum
  - Íbúðalán jukust um 6% þrátt fyrir samkeppni frá lífeyrissjóðum
  - Útlán til fyrirtækja jukust um 6% frá áramótum
- Góð dreifing milli atvinnugreina í útlánum til fyrirtækja
- Hlutafall vandræðalána heldur áfram að lækka
- Lánsloforð voru 92 ma.kr. í lok tímabilsins. Að stærstum hluta fyrirtæki

Lán til viðskiptavina




Lán til viðskiptavina (%)




Vandræðalán (%)




Arion banki – fyrir framtíðina

# Efnahagsreikningur – skuldir og eigið fé

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Vel heppnaðar alþjóðlegar skuldabréfaútgáfur – sterk eiginfjárstaða

- Aukning í innlánum á viðskiptabankasviði
- Vel heppnaðar alþjóðlegar skuldabréfaútgáfur á fyrstu níu mánuðum ársins
- Sterk lausafjár- og eiginfjárstaða

**30.09.2017**
**1.145 ma.kr.**

**31.12.2016**
**1.036 ma.kr.**

**Eigið fé**
Eiginfjárþáttur 1: 26,6%
Vogunar hlutfall: 16,6%

**Lántaka**
ISK 174 ma.kr.
EUR 164 ma.kr.
Aðrir gjaldmiðlar 62 ma.kr.

**Innlán**
Óbundin 71%
Allt að 3 mán. 17%
Meira en 3 mán. 12%

8.3% aukning frá árslokum 2016




1. Aðrar skuldir eru fjárskuldir á gangvirði, skattskuldir og aðrar skuldir

Arion banki – fyrir framtíðina

# Fjármögnun

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Hagstæður endurgreiðsluferill á langtímafjármögnun – Kaupþingsbréf að fullu greitt

- Í júní gaf bankinn út nýtt 3 ára skuldabréf að fjárhæð 300 m. evra eða 37 ma.kr. á kjörum sem jafngilda 0,88% yfir millibankavöxtum
- Bankinn greiddi lokagreiðslu 747 m. USD EMTN skuldabréfsins sem gefið var út til Kaupþings í byrjun árs 2016
- Í janúar gaf bankinn út 200 millj. evra til viðbótar við útgáfuna frá því í desember 2016. Heildar fjárhæð útgáfunnar er 500 millj. evra eða u.þ.b. 60 ma.kr.
- Bankinn gaf út sértryggð skuldabréf að fjárhæð 19,1 ma.kr. á tímabilinu og minni útgáfur á alþjóðlegum mörkuðum, samtals 19,6 ma.kr.

Fjármögnun




Endurgreiðsluferill langtíma fjármögnunar




Lánshæfismat - S&P (25 október 2017)

| | | |
|---|---|---|
| Útgefin skuldabréf | BBB+ | A |
| Skammtímaskuldir | A-2 | A-1 |
| Horfur | Stöðugar | Stöðugar |

Arion banki – fyrir framtíðina

# Jákvæð verðþróun á eftirmarkaði

Munur á ávöxtunarkröfu bréfa Arion banka og stóru norrænu bankanna hefur minnkað verulega

Útgáfa í evrum – Vaxtaálag yfir millibankavöxtum



# Eigið fé

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Áframhaldandi sterk eiginfjárstaða

- Sterk eiginfjárstaða vegna góðrar arðsemi á undanförnum árum
- Áhættuvegnar eignir eru 68,4% og eru reiknaðar á grundvelli staðalaðferðar
- Innstæður bankans hjá Seðlabanka Íslands jukust verulega á tímabilinu. Vogunarhlutfall og hlutfall áhættuveginna eigna lækka af þeim sökum
- Eiginfjárþáttur 2 í lok tímabilsins var einungis almenn niðurfærsla á útlánum bankans










Arion banki – fyrir framtíðina

# Eigið fé

## Eiginfjáruppbygging og -kröfur (%)




- Eiginfjárútreikningar bankans byggja á íslenskum lögum og reglum, en evrópskar eiginfjárreglur (CRD IV/CRR) hafa nýlega verið teknar upp í heild sinni hér á landi fyrir utan ákvæði um lægri eiginfjárbindingu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Bankinn beitir staðalaðferðum í útreikningi á áhættugrunni

- Á 4F 2017 munu samanlagðar kröfur um eiginfjárauka vera 8,4% miðað við núverandi áhættusnið bankans
- Niðurstaða könnunar- og matsferlis FME (e. SREP), m.v. stöðu bankans 31. desember 2016, leiðir af sér 20,1% heildar-eiginfjárkröfu, að meðtöldum fullinnleiddum eiginfjáraukum
- Að teknu tilliti til 1,5% innri varúðarauka nam umfram eigið fé bankans um 43 mö.kr. þann 30. september 2017

Eiginfjáraukar fyrir kerfislega mikilvæga fjármálastofnanir á Íslandi (%)




* Þær prósentur sem eru notaðar fyrir kerfisáhættu- og sveiflujöfnunarauka eru ákvarðaðar með því að reikna vegið meðaltal samsvarandi eiginfjárauka í hverju landi, þar sem vigtin ákvarðast af hlutfalli útlánaáhættu áhættugrunns bankans gagnvart tilsvarandi landi

Arion banki – fyrir framtíðina

# Sjóðstreymi

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Handbært fé hækkar einkum vegna nýrrar lántöku




- Útlán jukust á þriðja ársfjórðungi
- Ný fjármögnun er fyrst og fremst lántaka en innlán jukust líka á tímabilinu

Arion banki – fyrir framtíðina

# Horft til framtíðar

1 Arion banki starfar í góðu og vaxandi hagkerfi

2 Vöxtur á lánasafni verður í takt við undirliggjandi vöxt í efnahagslífinu

3 Áhersla verður á stafrænar lausnir til að bæta þjónustu við viðskiptavini og lækka kostnað

4 Bankinn mun skoða hagræðingu á eigin fé, með arðgreiðslum eða kaupum á eigin bréfum

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Kennitölur og reiknuð afkoma



# Helstu kennitölur – ársfjórðungslegur samanburður

### Arðsemi eiginfjár (%)




### Kostnaðarhlutfall (%)




### Vaxtamunur (%)




### Vandræðalán* (%)




### Hlutfall lána á móti innlánum (%)

Án lána sem fjármögnuð eru með sértryggðum skuldabréfum




### Hlutfall eiginfjárþáttar A (%)




### Lausafjárhlutfall (LCR) (%)




### Heildar niðurfærð lán / Heildar lán (%)




* Vandræðalán (lán í yfir 90 daga vanskilum en ekki niðurfærð + lán með sértækri niðurfærslu) sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina



Arion banki – fyrir framtíðina

# Helstu kennitölur – árlegur samanburður

### Arðsemi eiginfjár (%)




### Kostnaðarhlutfall (%)




### Vaxtamunur (%)




### Verðtryggingarjöfnuður (ma.kr.)




### Gjaldeyrisójöfnuður (ma.kr.)




### Áhættuvegnar eignir / heildareignir (%)



# Þróun lykil mælikvarða

Fjárhæðir í milljörðum króna












# Lykiltölur

Fjárhæðir í milljónum króna

| | 9 mán. '17 | 9 mán. '16 | 9 mán. '15 | 9 mán. '14 | 9 mán. '13 | 3F 2017 | 2F 2017 | 1F 2017 | 4F 2016 | 3F 2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | | | | | | |
| Hreinar vaxtatekjur | 22.570 | 22.057 | 20.287 | 18.309 | 18.313 | 7.250 | 8.160 | 7.160 | 7.842 | 7.431 |
| Hreinar þóknanatekjur | 10.703 | 10.213 | 10.727 | 10.119 | 8.284 | 3.865 | 3.508 | 3.330 | 3.764 | 3.467 |
| Rekstrartekjur | 38.684 | 39.648 | 50.112 | 37.996 | 31.349 | 11.352 | 14.819 | 12.513 | 13.790 | 12.465 |
| Rekstrarkostnaður | 21.380 | 22.331 | 19.073 | 18.368 | 17.946 | 7.540 | 5.784 | 8.056 | 8.209 | 7.175 |
| Hagnaður | 10.353 | 17.262 | 25.394 | 22.634 | 10.130 | (112) | 7.113 | 3.352 | 4.477 | 7.503 |
| Arðsemi eigin fjár | 6,3% | 11,2% | 19,8% | 19,9% | 10,0% | -0,2% | 13,0% | 6,3% | 8,6% | 14,4% |
| Vaxtamunur | 2,9% | 3,1% | 3,0% | 2,9% | 2,9% | 2,7% | 3,1% | 2,8% | 3,2% | 3,1% |
| Arðsemi eigna | 1,2% | 2,2% | 3,5% | 3,2% | 1,5% | 0,0% | 2,6% | 1,2% | 1,7% | 2,9% |
| Kostnaðarhlutfall | 55,3% | 56,3% | 38,1% | 48,3% | 57,2% | 66,4% | 39,0% | 64,4% | 59,5% | 57,6% |
| Kostnaður/heildareignir | 2,6% | 2,9% | 2,6% | 2,6% | 2,6% | -0,1% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| **Efnahagur** | | | | | | | | | | |
| Heildareignir | 1.144.852 | 1.038.479 | 1.009.475 | 942.172 | 936.944 | 1.144.853 | 1.126.411 | 1.119.648 | 1.036.024 | 1.038.479 |
| Útlán til viðskiptavina | 750.947 | 715.907 | 678.807 | 652.598 | 576.204 | 750.947 | 733.649 | 720.198 | 712.422 | 715.907 |
| Íbúðalán | 318.403 | 294.954 | 285.357 | 266.062 | 190.008 | 318.403 | 309.339 | 302.679 | 298.971 | 294.954 |
| Vandræðalán | 1,4% | 2,0% | 3,2% | 4,6% | 8,2% | 1,4% | 1,3% | 1,5% | 1,6% | 2,0% |
| Áhættuvegnareignir / heildareignir | 68,4% | 73,2% | 73,3% | 77,4% | 73,7% | 68,4% | 67,0% | 66,4% | 72,7% | 73,2% |
| Eiginfjárþáttur 1 | 26,6% | 25,5% | 22,2% | 21,1% | 19,5% | 26,6% | 27,8% | 27,3% | 26,5% | 25,5% |
| Vogunarhlutfall | 16,7% | 17,4% | - | - | - | 16,7% | 17,4% | 17,0% | 18,0% | 17,4% |
| Lausafjárhlutfall | 228,6% | 194,1% | 145,0% | 137,1% | - | 228,6% | 266,2% | 163,5% | 171,3% | 194,1% |
| Lán móti innlánum | 168,4% | 165,7% | 134,9% | 135,2% | 122,1% | 168,4% | 167,7% | 151,4% | 172,9% | 165,7% |

# Reiknuð afkoma

Fjárhæðir í milljónum króna

## Útreikningur á niðurfærslu hefur mest áhrif á afkomu

| | 9 mán. '17 | Breyting | Reiknað |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 22.570 | 10 | 22.580 |
| Hreinar þóknanatekjur | 10.703 | 0 | 10.703 |
| Hreinar fjármunatekjur | 2.471 | 0 | 2.471 |
| Hreinar tekjur af tryggingum | 1.769 | 0 | 1.769 |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | (917) | 0 | (917) |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.088 | 0 | 2.088 |
| **Rekstrartekjur** | 38.684 | 10 | 38.694 |
| Laun og launatengd gjöld | (12.624) | 0 | (12.624) |
| Annar rekstrarkostnaður | (8.756) | (1.707) | (10.463) |
| Bankaskattur | (2.388) | 0 | (2.388) |
| Hrein virðisbreyting | (1.262) | (1.921) | (3.183) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | 13.654 | (3.618) | 10.036 |
| Tekjuskattur | (3.917) | 939 | (2.978) |
| Afkoma af eignum til sölu eftir skatta | 616 | 0 | 616 |
| **Hagnaður** | **10.353** | **(2.679)** | **7.674** |

| | | |
|---|---|---|
| Arðsemi eigin fjár | 6,3% | 4,8% |
| Kostnaðarhlutfall | 55,3% | 59,7% |
| Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir | 2,9% | 3,0% |

Helstu breytingar:

1) Vaxtatekjur frá dótturfélögum í ótengdri starfsemi teknar út og vaxtatekjur reiknaðar á bókfært verð annarra eigna í ótengdri starfsemi
2) Bakfærsla á öðrum rekstrarkostnaði að fjárhæð 2.669 m.kr. vegna bakfærðrar skuldar við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Kostnaður vegna sérfræði-þjónustu og reiknaður kostnaður við ótengda starfsemi
3) Öll hrein virðisbreyting útlána færð út og 0,58% virðisrýrnun reiknuð á heildarútlán til viðskiptavina
4) Tekjuskattsáhrif á reiknaðar breytingar

Arion banki – fyrir framtíðina

# Starfsþættir



# Viðskiptabankasvið

Fjárhæðir í milljónum króna

## Jákvæð þróun í kjarnastarfsemi viðskiptabankasviðs

- Viðskiptabankasvið veitir margvíslega þjónustu, þ.m.t. innlán og útlán, sparnað, greiðslukort, lífeyrissparnað, tryggingar, verðbréf og sjóði. Fagfjárfestingarsjóður Arion banka hf. er hluti af viðskiptabankasviði
- Til að ná fram hámarks skilvirkni er útibúum samstæðunnar skipt í fimm klasa og njóta smærri útibúin þar með hags af styrk stærri eininga innan hvers klasa
- Viðskiptavinir viðskiptabankasviðs, sem rekur 24 útibú og afgreiðslur víðsvegar um landið, eru yfir 100.000

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)




**Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:**

| | 9M 2017 | 9M 2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 11.818 | 11.444 | 3% |
| Hreinar þóknanatekjur | 3.406 | 2.528 | 35% |
| Aðrar tekjur | 14 | 16 | (13%) |
| **Rekstrartekjur** | **15.257** | **14.075** | **8%** |
| Rekstrarkostnaður | (3.319) | (4.577) | (27%) |
| Hrein virðisbreyting | 1.206 | 5.250 | - |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **13.144** | **14.748** | **(11%)** |

| | 30.09.2017 | 31.12.2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Útlán til viðskiptavina | 477.494 | 460.420 | 4% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 307.552 | 295.628 | 4% |
| Úthlutað eigið fé í lok tímabilis | 65.640 | 70.861 | (7%) |

- Hreinar vaxtatekjur hækka lítillega þrátt fyrir mikla samkeppni
- Mikill vöxtur í hreinum þóknanatekjum milli ára
- Hreinar vaxtatekjur eru u.þ.b. 80% af tekjum sviðsins
- Bakfærsla á skuld við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta að fjárhæð 1.733 m.kr. hefur mikil áhrif á rekstrarkostnað

Arion banki – fyrir framtíðina

# Fyrirtækjasvið

Fjárhæðir í milljónum króna

Harðandi samkeppni á fyrirtækjamarkaði þrýstir á vaxtamun

- Fyrirtækjasvið veitir stærri fyrirtækjum landsins alhliða fjármálaþjónustu og sérsniðnar lausnir sem þjóna þeirra þörfum hverju sinni
- Sviðið þjónustar fyrirtæki landsins með lausnir á sviði fjármögnunar, innlána, greiðslumiðlunar og virðisaukandi rafrænnar þjónustu

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)




**Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:**

| | 9M 2017 | 9M 2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 4.777 | 4.915 | (3%) |
| Hreinar þóknanatekjur | 771 | 739 | 4% |
| Aðrar tekjur | 1.091 | 69 | 1.481% |
| **Rekstrartekjur** | **6.639** | **5.723** | **16%** |
| Rekstrarkostnaður | (239) | (451) | (47%) |
| Hrein virðisbreyting | (2.436) | 60 | (4.160%) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **3.964** | **5.332** | **(26%)** |

| | 30.09.2017 | 31.12.2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Útlán til viðskiptavina | 247.306 | 242.634 | 2% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 23.287 | 12.223 | 91% |
| Úthlutað eigið fé í lok tímabilis | 56.533 | 56.441 | 0% |

- Hreinar þóknanatekjur lækka vegna færri nýrra útlána á tímabilinu
- Neikvæð virðisbreyting vegna lána til United Silicon
- Bakfærsla á skuld við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta að fjárhæð 198 m.kr. hefur umtalsverð áhrif á rekstrarkostnað

Arion banki – fyrir framtíðina

# Eignastýring

Fjárhæðir í milljónum króna

## Stærsta eignastýring á Íslandi

- Skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankaþjónustu, fjárfestingarþjónustu og rekstur lífeyrissjóða. Afkoma Stefnis hf., sem er sjálfstætt sjóðastýringarfyrirtæki, er sett fram sem hluti af eignastýringu
- Aðalsöluaðili sjóða Stefnis
- Annast sölu alþjóðlegra sjóða
- Stýring á eftirlaunasjóðum

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)




**Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:**

| | 9M 2017 | 9M 2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 399 | 415 | (4%) |
| Hreinar þóknanatekjur | 2.643 | 2.864 | (8%) |
| Aðrar tekjur | 17 | 12 | 42% |
| **Rekstrartekjur** | **3.180** | **3.205** | **(1%)** |
| Rekstrarkostnaður | (753) | (1.039) | (28%) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **2.427** | **2.165** | **12%** |

| | 30.09.2017 | 31.12.2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Úthlutað eigið fé í lok tímabilis | 4.693 | 5.730 | (18%) |
| Eignir í stýringu | 1.029.267 | 1.026.295 | 0% |

- Hreinar þóknanatekjur eru um 90% af tekjum eignastýringar
- Breyting á markaðsumhverfi er helsta ástæða lækkunar hreinna þóknanatekna milli ára
- Bakfærsla á skuld við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta að fjárhæð 360 m.kr. hefur talsverð áhrif á rekstrarkostnað

# Fjárfestingarbankasvið

Fjárhæðir í milljónum króna

## Áframhaldandi áhersla á hreinar þóknanatekjur

- Fjárfestingarbankasvið skiptist í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskipti og greiningardeild
- Fyrirtækjaráðgjöf veitir ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja og stærri fjárhagsákvarðanir sem fyrirtæki og fjárfestar standa frammi fyrir
- Markaðsviðskipti annast verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun fyrir hönd bankans
- Greiningardeildin fjallar um íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)




**Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:**

| | 9M 2017 | 9M 2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 182 | 1.031 | (82%) |
| Hreinar þóknanatekjur | 928 | 1.072 | (13%) |
| Hreinar fjármunatekjur | (59) | (103) | (43%) |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | 0 | 613 | (100%) |
| Aðrar tekjur | 0 | 321 | (100%) |
| **Rekstrartekjur** | **1.051** | **2.934** | **(64%)** |
| Rekstrarkostnaður | (558) | (747) | (25%) |
| Hrein virðisbreyting | (18) | 1.601 | (101%) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **475** | **3.788** | **(87%)** |

| | 30.09.2017 | 31.12.2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Heildar eignir | 16.344 | 18.723 | (13%) |
| Úthlutað eigið fé í lok tímabilis | 1.300 | 3.900 | (67%) |

- Hreinar þóknanatekjur eru helstu tekjur sviðsins
- Lækkun á rekstrartekjum frá 9M 2016 einkum vegna lækkunar á vaxtaberandi eignum og flutningi eigna til skrifstofu bankastjóra í byrjun annars ársfjórðungs 2016

# Fyrirvari

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.